

Þriðjudaginn 16. október 1990.

Nr. 284/1990. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Donnie Stewart

(Örn Clausen hrl.).

Skírlífisbrot. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. júlí 1990 að ósk ákærða, en einnig af ákærvalds hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar refsingu. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var af hálfu ákærvalds krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing ákærða yrði þyngd.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins, en til vara vægustu refsingar samkvæmt 200., sbr. 204. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá verði refsing skil-orðsbundin, ef dæmd verður, og höfð hliðsjón af 6 daga gæsluvarðhaldi ákærða.

Fallist er á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði hafi unnið sér til refsingar samkvæmt 200.gr., sbr. 204. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða eftir atvikum hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði, en til frádráttar komi gæsluvarðhald hans í sex daga.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað. Samkvæmt þessu verður ákærði dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Donnie Stewart, sæti fangelsi í tvo mánuði. Til frádráttar refsingunni komi sex daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin

saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Benedikts Blöndals hæstaréttardómara og Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns.

Með gögnum málsins og rannsókn verður eigi talið, gegn eindreginni neitun ákærða, að fram séu komnar fyrir því svo afdráttarlausar sannanir, sem áskilja verður í refsímáli, að hann hafi gerst sekur um þær ávirðingar, sem hann er ákærður fyrir. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds í málinu og fella á ríkissjóð allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur sakadóms Keflavíkurflugvallar 28. maí 1990.

Ár 1990, mánudaginn 28. maí, er í sakadómi Keflavíkurflugvallar, sem haldinn er í dómsal embættisins af Margréti Heinreksdóttur, settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur þessi í málinu nr. 36/1990: Ákæruvaldið gegn Donnie Stewart.

Málið var tekið til dóms fimmtudaginn 12. maí 1990.

Með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 27. júní 1988, var opinbert mál höfðað gegn Donnie Stewart, f. 13. júní 1957, og X, sjóliðum í herliði Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli, til heimilis þar, í byggingu nr. 753, fyrir skirlífisbrot, með því að báðir hefðu þeir aðfaranótt þriðjudagsins 24. maí 1988, að, Keflavík, haft samræði við stúlkuna Y, fædda ágúst 1974. Taldist brot þetta varða við 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og var þess krafist, að ákærðu yrðu dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málið var þingfest hinn 27. janúar 1989. Yfirheyrslur yfir vitnum og ákærðu fóru fram 9. febrúar s.á., málflutningur hinn 9. mars, og dómur var upp kveðinn hinn 30. mars 1989. Voru báðir sekir fundnir. Auk sakarkostnaðar voru báðir dæmdir til fangavistar, Donnie Stewart til 3ja mánaða, X til 1 mánaðar fangelsisvistar, en 6 daga gæsluvarðhaldsvist beggja kom til frádráttar.

Hinn síðarnefndi ákvað að una dómi og fór af landi brott skömmu eftir afplánun hans. Hinn fyrrnefndi, Donnie Stewart, ákvað hins vegar að áfrýja dóminum fyrir sitt leyti.

Að ósk ákærða skaut ríkissaksóknari málinu til Hæstaréttar með stefnu,

útg. 19. apríl 1989, og jafnframt af hálfu ákærvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar refsingar.

Með dómi Hæstaréttar miðvikudaginn 14. febrúar 1990 var hinn áfrýjaði dómur úr gildi felldur, að því er ákærða Donnie Stewart varðaði, svo og meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkurflugvallar frá og með 9. febrúar 1989. Var málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar að nýju. Taldi Hæstiréttur, með vísan til hæstaréttardóms frá 9. febrúar 1990 í málinu nr. 120/1989, að lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli og fulltrúa hans, sem kvað upp dóminn, hefði borið að víkja sæti.

Við meðferð málsins fyrir Hæstarétti höfðu bæði ftr. ríkissaksóknara og verjandi málsins haft uppi kröfur um þá málsmeðferð.

Í kjölfar þessa dóms var, skv. bráðabirgðalögum frá 13. jan. 1990, settur sérstakur héraðsdómari við embættið á Keflavíkurflugvelli, Jón Finnbjörns-son lögfræðingur. Hann tók málið fyrir fimmtudaginn 22. mars 1990, og fóru þá fram yfirheyrslur yfir ákærða og vitnum, tveimur af þremur, sem yfirheyrð höfðu verið við fyrstu meðferð málsins, en þriðja vitnið var þá flutt úr landi, og var ekki talin ástæða til að kalla það heim til vitnisburðar. Samdægurs fór fram málflutningur, og var málið tekið til dóms.

Á heimleið frá vinnu þennan dag slasaðist héraðsdómarinn alvarlega í bifreiðaslysi. Er sýnt þótti, að hann myndi ekki geta gegnt starfi sínu um alllangt skeið, var staðgengill settur í embættið, Margrét Heinreksdóttir lögfræðingur, sem kveður upp dóm þennan.

Málið var nú tekið fyrir enn á ný fimmtudaginn 12. maí 1990. Fóru þá fram í samfellu yfirheyrslur yfir ákærða, fyrrgreindum tveimur vitnum og málflutningur, og var málið síðan tekið til dóms.

Ekki þótti ástæða til að láta vitnin staðfesta enn á ný lögregluskýrslur í heild, en látið nægja sð spyrja um tiltekin atriði, sem þar komu fram. Þá voru sækjandi og verjandi málsins sammála um, að nægjanlegt væri og til flýtisauka, að ákærða yrði einungis lesin skýrsla hans fyrir dómi 22. mars 1990.

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu hér á landi.

Málavextir.

Miðvikudaginn 25. maí 1988 barst rannsóknarlögreglunni í Njarðvík og Keflavík kæra frá Hjördísi Árnadóttur, félagsmálastjóra Njarðvíkurbæjar, og Guðbjörtu Ingólfssdóttur, fulltrúa barnaverndarnefndar í Njarðvík, þess efnis, að tveir varnarliðsmenn hefðu haft samfarir við unglingsstúlku í Njarðvík.

Rannsókn leiddi í ljós, að mánudagskvöldið þann 23. maí og aðfaranótt þriðjudagsins 24. maí 1988 hafði farið fram samkvæmi í íbúð í Keflavík, þar sem húsráðandi var A, fædd 1969. Í samkvæmi þessu höfðu verið tvær

stúlkur auk húsráðanda, þær Y, f. 1974, og B, f. 1973, svo og ofangreindir tveir sjóliðar í bandaríska varnarliðinu, annar þeirra ákærði í máli þessu.

Rannsóknarlögregla tók fyrst skýrslur af stúlkunum 26. maí, en þær voru ekki látnar gangast undir læknisrannsókn.

Mennirnir tveir voru handteknir daginn eftir, 27. maí, og yfirheyrðir samdægurs. Jafnframt fór rannsóknarlögreglan fram á, að sakadómur Keflavíkurflugvallar úrskurðaði þá í sjö daga gæsluvarðhald. Úrskurður þar um, sem upp var kveðinn 28. maí, var staðfestur af Hæstarétti 1. júní 1990.

Við yfirheyrslur leitaði rannsóknarlögreglan eftir samþykki ákærðu fyrir því, að myndir væru teknar af þeim nöktum, vegna ummæla einnar stúlkunnar um stærð getnaðarlima þeirra. Ákærði í máli þessu, Donnie Stewart, veitti umbeðna heimild þegar í stað, en hinn neitaði að höfðu samráði við réttargæslumann sinn. Daginn eftir var áður gefið samþykki Donnies Stewarts afturkallað með símskeyti að ráði réttargæslumanns hans.

Eftir yfirheyrslur og samprófanir ákærðu og vitna voru hinir ákærðu látnir lausir úr gæsluvarðhaldi 3. júní 1988.

Bæði í yfirheyrslum lögreglu og fyrir dómi hefur verið mikið misræmi í framburði vitna og ákærða, staðhæfingar gegn staðhæfingum um mikilvægustu atriði málsins. Þykir því nauðsynlegt að rekja í meginatriðum framburð hvers þeirra um sig. Tekið skal fram, að X virðist hafa gengið undir gælunafninu TC, A undir gælunafninu og Y verið kölluð

Framburður kærenda málsins.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar, dags. 25.5.88, skýra framangreindir kærendur málsins svo frá, að móðir Y hefði komið að máli við fulltrúa barnaverndarnefndar og sagt frá því, að varnarliðsmaður hefði haft samfarir við 13 ára dóttur hennar. Við frekari könnun kærenda hafi komið í ljós, að varnarliðsmenn hafi haft samfarir við tvær ungar stúlkur, þær B og Y. Hafi stúlkurnar gert þá grein fyrir mönnum þessum, að þeir væru Donnie Stewart, 30 ára, og TC, sem vera myndi 25 ára að aldri, Kom síðar í ljós, að TC hét fullu nafni [X].

Upplýst var, að eldri maðurinn væri „kærasti“ systur B, sem hefði orðið „öfundsjúk, þegar Y fór að vera með Donnie og hafði orð á þessu við móður hennar“, eins og orðrétt segir í skýrslu lögreglunnar.

Tekið var fram, að stúlkurnar hafi verið fúsar til samræðis við mennina og því ekki verið um neins konar nauðung að ræða.

Framburður vitnisins A.

Lögregluskýrsla er fyrst tekin af vitninu A hinn 26. maí 1988. Meginatriði framburðar hennar eru þá sem hér segir:

Mánudagskvöldið 23. maí hafi verið gestkomandi í íbúð hennar tvær vin-konur hennar, þær B og Y. Hún kveðst vita, að „samband“ hafi verið með Y og bandarískum manni um þrítugt, sem muni heita Donnie Stewart, og þekkja hann nokkuð. B þekki hann einnig, því að systir hennar hafi verið með þessum sama manni.

Umrætt kvöld segir hún Donnie hafa komið í heimsókn og með honum annar Bandaríkjamaður, kallaður TC, sem hún hafi ekki séð fyrr. Hún segir, að þeir hafi komið þangað í boði þeirra stúlknanna.

A kveður dreypt hafa verið á áfengi, sem hún átti, en þær B og Y hafi lítið drukkið. Hún kveðst ekki vita til þess, að mennirnir hafi átt í neinu kynferðislegu sambandi við stúlkurnar, en hafa séð, að Donnie Stewart hélt á Y í fanginu og B hafi viljað stugga þeim sundur, enda systir hennar verið með þessum manni.

Um brottför fólksins úr fagnaði þessum segir vitnið, að Y hafi frá upp-hafi gert ráð fyrir að gista hjá sér og sofnað á sófa í stofunni. B hafi farið á þriðja tímanum um nóttina. Sjálf hafi hún verið farin að sofa, áður en mennirnir fóru, telur sig þó hafa rumskað og hleypt þeim út nokkru síðar.

Aðspurð kveðst A aldrei hafa rætt við Donnie Stewart um aldur Y. Hún kveðst vita til þess, að hann hafi komið á heimili Y og hitt móður hennar.

Sunnudaginn 29. maí 1988 gefur A aftur skýrslu fyrir lögreglu og segist nú ekki hafa skýrt rétt frá í sínum fyrri framburði. Kveðst hún hafa óttast, að börn sín yrðu tekin af sér, ef upp kæmist, hvað gerðist ofangreinda nótt. Kveðst A nú vilja skýra satt og rétt frá og ber nú, að X og Donnie Stewart hafi báðir haft samfarir við Y á heimili hennar um nóttina. Kveðst hún aðspurð hafa verið áhorfandi að samförunum og séð Y sleikja getnaðarlim ákærða, Donnies Stewarts. Sjálf hafi hún einnig haft samfarir við Donnie Stewart, en ekki við X.

Vitnið kveður þetta hafa gerst, eftir að B var farin, en hún hafi um hríð verið í öðru herbergi ásamt TC. B hafi því ekki séð samfarirnar, aðeins séð þau hin þrjú nakin í stofunni.

A kveðst hafa vitað aldur stúlknanna. Hún kveður móður Y hafa vitað, að hún væri með varnarliðsmanni, svo og, að hún reyki og drekki, og þar sem henni hafi verið sama um lifnaðarhætti dótturinnar, hafi hún sjálf ekkert getað gert.

Loks segir vitnið, að áfengið, sem drukkið var, hafi Donnie Stewart komið með ofan af flugvelli.

Hinn 3. júní 1988 fer fram samprófun A og ákærðu, og heldur hún fast við framburð sinn frá 29. maí um, að hún hafi verið vitni að samförum Y við báða mennina. Þá er bókað í lögregluskýrslu: „Rétt sé einnig það, er hún skýrði frá um fatapókerinn“. Í bókunum fyrrgreindra yfirheyrslna er hins vegar hvergi minnst á „fatapóker“, og er því ekki ljóst, hvað hún bar þar um.

Samkvæmt lögregluskýrslunni hafði verið brýnt fyrir A, áður en sam-

prófun hófst, að hún kynni að verða sökuð í málinu, og henni verið kynntar hugsanlegar sakargiftir.

A hefur þrisvar komið fyrir sakadóm vegna máls þessa og í öllum tilvikum borið í aðalatriðum á sama hátt, eftir að hafa unnið eið að framburði sínum. Blæbrigðamunur er þó á framburði hennar fyrir dómi 22. mars og 10. maí 1990. Fyrir dómi 22. mars 1990 segir vitnið skv. staðfestri bókun þinghalds: „..... að Y hafi sagt Donnie Stewart, að hún væri 16 eða 17 ára, vitnið man þetta ekki nákvæmlega. Hún kveðst ekki geta sagt til um, hvort hún sagði Donnie Stewart, hvað Y væri gömul.“

Hinn 10. maí segir hún, sérstaklega innt eftir því, hvort ákærði hafi einhvern tíma spurt hana beinlínis um aldur Y, að hún muni ekki eftir því. Síðan segir eftir vitninu skv. staðfestri bókun: „..... allavega hafi hún aldrei sagt honum aldur hennar. Hins vegar minni sig, að hann hafi haft áhyggjur af því, hvort Y væri of ung fyrir sig, en hún kveðst ekkert muna, hvernig hún tók undir það, þó minni sig, að hún hafi sagt eitthvað í þá átt, að þetta væri ekki sitt mál. Hún segist hafa vitað, að Y hafi logið til um aldur sinn, segir Y sjálfa hafa sagt sér það. Vísað er til framburðar hennar fyrir dómi 9. febr. 1989, þar sem hún hafði eftir Y, að hún yrði að ljúga til um aldur sinn og segjast vera 16-17 ára gömul. Telur vitnið það orðalag vera rétt. Aðspurð, hvort hún hafi talið, að Y hafi sjálf haft áhyggjur af því, að hún væri of ung, eða hvort þessi ummæli muni hafa stafað af því, að maðurinn, Donnie Stewart, hafi lýst við hana áhyggjum af aldri hennar, segist hún telja, að Y hafi í raun verið alveg sama, en talið sig þurfa að segjast eldri, væntanlega vegna þess, að manninum myndi ella þykja hún of ung. Þó hafi hún ekkert sagt um þetta.

Þá segir í sömu staðfestu bókun: „Aðspurð, hvort henni sjálfri hafi fundist Y svo fullorðinsleg, að hægt væri að telja hana eldri en hún væri, segist hún sjálf hafa talið hana eldri en hún væri, þegar þær hittust í fyrsta sinn um það bil hálfu ári fyrir samkvæmið. Y hafi þá verið að skemmta sér og verið drukkin.“

Framburður vitnisins Y.

Ofangreint vitni kom fyrst fyrir rannsóknarlögreglu hinn 26. maí 1988. Viðstödd yfirheyrsluna var f.h. félagsmálastjóra Njarðvíkur Guðbjört Ingólfsdóttir.

Í frásögn sinni af aðdraganda fagnaðarins heima hjá A staðfestir Y, að mennirnir hafi komið þangað að frumkvæði þeirra stúlkanna.

Hún kveður þær B hafa komið heim til A um kl. 21.00 um kvöldið. Mennirnir hafi komið þangað litlu síðar, annar kallaður Donnie, hinn TC. Hún kveðst þekkja talsvert þann fyrrnefnda, en hinn ekkert. Öll hafi þau drukkið talsvert nema B, og sjálf hafi hún orðið talsvert ölvuð.

Síðan segir í skýrslunni:

„Hún segir, að í fyrstu hafi Donnie og TC spilað við þær allar þrjár fatapóker og þannig hafi þær byrjað að fækka fötum og þeir einnig. Hún segir, að þessi TC hafi ekki viljað fara úr nærbuxunum, er að því kom í pókernum, en A hafi þust til og beðið þær hinar að aðstoða hana við að taka hann úr, en þá hafi hann sjálfur gert það.

Hún segir, að að því hafi komið, að Donnie hafi farið að láta vel að mættu og TC að B. Hún segir, að þau B og TC hafi farið fram í herbergi frammi á ganginum, en mætta kveðst ekki vita, hvað skeð hafi með þeim þar. Hún kveðst allan tímann hafa verið í stofunni með Donnie og A. Hafi verið þar svefnsófi, sem A hafi breytt í rúm. Hún segir, að er Donnie var með mættu í stofunni ásamt A, hafi B komið og séð þær báðar liggjandi í sófanum. Hafi þær verið orðnar naktar þá svo og Donnie. Hafi B sagt við mættu, að hún væri „ógeð“, en þá hafi Donnie ekki verið með þeim í sófanum, heldur staðið við hurðina.

Um þetta leyti hafi B farið burtu. Eftir það hafi TC, sá sem B hafði verið með frammi, komið til þeirra og þau öll fjögur verið í sófanum, og kveðst mætta hafa átt samfarir við þá báða, Donnie og TC þar, A hafi einnig átt við báða samfarir. Hún segir enga smokka hafa verið notaða né slíkt. Aðspurð kveðst mætta ekki hafa orðið vör við, að sæði kæmi úr þeim. Hún segir enga nauðung hafa átt sér stað, þar sem þetta hafi verið með vilja sínum. Svo hafi einnig verið með A, að mætta telur. Mætta kveðst ekki fyrr hafa átt mök með þessum mönnum. Aðspurð segir mætta, að Donnie viti, hve gömul mætta sé, en sjálfur sé hann um þrítugt. Hún telur, að þeir félagar hafi farið um kl. 5.30, en þá hafi hún verið á klósettinu. Hafi A í fyrstu ekki viljað hleypa þeim burtu strax, en sagt, að þeir yrðu um kyrrt til kl. 8.00, en þeir hafi verið að flýta sér til að mæta í vinnu. Hafi Donnie verið á hvítum bíl og hann ekið á þeim bíl burtu ölvaður. Telur mætta, að þeir Donnie og TC hafi verið orðnir allnokkuð ölvaðir, en hún telur, að um helmingur hafi verið eftir í flöskunni, er þeir fóru. Þetta hafi verið mjög stór flaska.“

Hinn 28. maí 1988 var vitnið tekið fyrir á ný af rannsóknarlögreglu og beðið að lýsa atburðarásinni ýtarlega vegna mikils misræmis í framburði vitna og ákærðu.

Í öllum aðalatriðum kemur hin síðari atvikalýsing vitnisins heim og saman við hina fyrri.

Af því, sem við bætist, skiptir eftirfarandi máli:

Mætta upplýsir enn fremur, að hún tali ekki ensku og hafi ekki blandað sér í samræður hinna þriggja. Þá ber hún nú, að A hafi átt hugmyndina að því að spila fatapóker, og segist sjálf hafa verið „orðin svo full, að hún hafi hætt að spila og kveðst hafa lagst á gólfið (datt niður)“

Þá segir í skýrslunni: „Þá kveður mætta A hafa sagt: „Eigum við að tak'ann?“ Mætta kveðst hafa sagt við hana, að þetta væri vinur C. Mætta kveður A þá hafa svarað, að þetta myndi ekkert fréttast. Mætta kveðst síðan hafa fallist á þetta, og í framhaldi klæddu þau sig úr fötunum, mætta, A og Donnie.“

Mætta skýrir síðan nánar frá samförum þeirra: „..... mætta kveðst síðan hafa haft samfarir við Donnie og síðan við TC. Mætta kveður þá líka báða hafa haft samfarir við A. Mætta kveður hvorugan þeirra hafa haft sáðlát, meðan á samförunum stóð („fengið fullnægingu“). Sérstaklega aðspurð kveðst mætta hafa haft samfarir við strák, þannig að hún hafi ekki haft heilt meýjarhaft“

Ög enn fremur: „Sérstaklega aðspurð um einhver persónuleg einkenni mannanna, þá kveðst mætta muna, að annar þeirra, sennilega D, var loðinn á bringunni, en hinn ekki. Þá kveðst mætta muna eftir rispu eða öri á hægri upphandlegg annars þeirra, sennilega Donnies. Mætta kveður Donnie hafa haft stærri getnaðarlim en TC.“

Síðast í skýrslunni segir: „..... Mætta kveðst hafa verið að passa fyrir A, þegar þær og C kynntust Donnie, og þá kveður mætta Donnie hafa spurt, hvað mætta væri gömul, og fengið það svar hjá A, að mætta væri á fjórtánda ári. Mætta kveðst oft hafa farið í Reykjavík með Donnie, C og B.“

Við sampröfun með ákærðu hinn 3. júní 1988 hélt vitnið fast við framburð sinn og kvaðst engu vilja bæta þar við né breyta. Þá hefur vitnið ítrekað (sic) staðfest ofangreinda frásögn fyrir dómi, síðast hinn 10. maí 1990, og var sá framburður eiðfestur, þar sem vitnið hafði þá náð aldri til eiðfestingar, sbr. 101. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Framburður vitnisins B.

Vitnið var fyrst yfirheyrt af rannsóknarlögreglu 26. maí 1988, og var viðstödd f.h. félagsmálastjóra Njarðvíkur Guðbjört Ingólfssdóttir.

Frásögn vitnisins af aðdraganda og upphafi samkvæmisins á heimili A kemur heim og saman við frásögn Y, þ. á m., að A hafi átt uppástunguna að því, að þau spiluðu fatapóker. Hún ber, að hún hafi séð A og Y naktar í sófanum, en ekki orðið vitni að samförum, heldur hafi Y tjáð sér síðar, að þær A hafi báðar átt samfarir við báða mennina. Annað í þessari frásögn hennar varðar tæpast það mál, sem hér er til úrlausnar.

Hinn 28. maí er vitnið yfirheyrt á ný og segir þá m.a.:

„Mætta kveðst þekkja Donnie nokkuð vel, því að hann hafi verið kærasti systur hennar Mætta kveður Donnie hafa vitað, hvað hún væri gömul, en kveðst ekki halda, að hann hafi vitað um aldur Y.

Mætta kveðst hafa séð, að Y langaði eitthvað, og kveður hana hafa verið

að reyna við Donnie, m.a. hafi hún viljað dansa við hann ein, og eins fór hún til dyra á eftir honum til að kyssa hann bless. Mætta kveður Y hafa sagt sér það næsta dag, að Donnie hafi riðið henni, puttað hana og hún sleikt á honum tittlinginn Mætta kveður TC síðan hafa blandað sér í þetta eftir að mætta fór

Vitnið kveðst hafa farið heim kl. 4.00 um nóttina.

Við samprófun með hinum ákærðu hinn 3. júní 1988 stóð vitnið fast við fyrri framburð sinn, að því er laut að ofangreindum atriðum.

Við fyrstu meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkurflugvallar kom vitnið fyrir dóm og staðfesti framburð sinn. Við aðra fyrirtöku málsins reyndist vitnið flutt úr landi, og var ekki talin ástæða til að kalla það heim til vitnisburðar og þá eigi heldur við þriðja flutning þess.

Framburður ákærða, Donnies Stewarts.

Ákærði var fyrst yfirheyrður af rannsóknarlögreglu hinn 27. maí 1988. Hann skýrir í stórum dráttum svo frá, að A hafi hringt til sín, boðið sér í „party“ umrætt kvöld og beðið sig að taka vin sinn með sér. Hann kveðst hafa haft samband við TC (X), sem þá bjó í sömu byggingu. Hafi þeir farið í bifreið sinni, JO-4147, hvítum Thunderbird. Hann kveðst ekki hafa tekið áfengi út af vellinum, en A hafi boðið áfengi, þegar hún hringdi og bauð þeim.

Hann segir, að auk A hafi verið í íbúð hennar, er þeir komu þangað, Y og B, en telur, að þær hafi þá ekki verið ölvaðar. Aðspurður um aldur þeirra kveðst hann halda, að þær séu á bilinu 18-19 ára.

Ákærði skýrir svo frá, að A hafi boðið upp á vodka, allir það (sic) það, og svo hafi þau setið við drykkju fram eftir nóttu, hlustað á tónlist, dansað og spilað á spil og þá eingöngu „Black Jack“ eða „21“. Hann neitar því, að spilaður hefði verið „fatapóker“ eða annað spil, er leiddi til fækkunar fata. Hann neitar því, að hann eða nokkurt hinna hafi fækkað fötum á ósiðsamlegan hátt, en kveðst hafa farið úr skyrtunni undir morgun.

Ákærði kveðst hafa orðið mjög ölvaður og ekki muna atburðarásina mjög vel, þegar liða tók á nóttina. Í skýrslunni segir svo orðrétt: „Hann segir, að ekkert ósiðsamlegt hafi farið fram þarna í íbúðinni. Hann neitar að hafa haft samfarir við stúlkurnar, en ef svo hafi verið, þá hafi það skeð án hans vitundar, það er sökum ölvunar. Mætti segist ekki muna til þess, að einhver stúlkanna hafi farið úr samkvæminu. Hann segist hafa sofnað í stofunni um kl. 1.00, þá mjög ölvaður, enda segist hann hafa drukkið 5 blöndur af vodka í 7-up á tímabilinu kl. 22.00 til 1.00.

Mætti segist hafa vaknað um kl. 4.00 eða 5.00 og þá farið inn í annað herbergi í íbúðinni, og þar lá TC einn og sofandi. Mætti segist hafa vakið hann og þeir síðan farið. Mætti segist muna eftir að hafa séð A og Y,

en ekki B. Mætti segist ekki hafa verið mjög ölvaður, þegar hann settist upp í bifreið sína og ók upp á Keflavíkurflugvöll.“

Við yfirheyrslu hinn 31. maí er ákærða kynntur framburður stúlkanna A og Y um, að hann hafi haft við þær samfarir umrædda nótt. Í skýrslu segir: „Mætti segist ekki muna eftir, að slíkur atburður hafi átt sér stað umrædda nótt. Mætta er nú bent á, að Y hafi í framburði sínum skýrt frá því, að getnaðarlimur mætta sé stærri en á TC, og vegna rannsóknar málsins er mætti nú spurður, hvort hann heimili myndatöku af sér nöktum eða að læknir verði fenginn til að mæla á honum getnaðarliminn. Mætti segist veita rannsóknarlögreglunni í Keflavík heimild til að taka myndir af honum nöktum.“

Við samprófanir, sem fram fóru með ákærða og stúlkunum þremur hinn 3. júlí 1988, hélt hann í öllum tilfellum fast við ofangreindan framburð sinn. Í sampröfun með Y kom jafnframt fram, að hann hefði talið stúlkurnar á bilinu 18-20 ára. Hann hefði séð þær í Lækjartungli í Reykjavík, þar sem eingöngu væri hleypt inn fullorðnu fólki, og því talið víst, að stúlkurnar væru nægjanlega gamlar til dvalar þar.

Ákærði hefur ávallt haldið fast við framburð sinn fyrir dómi. Aðspurður um klæðaburð og förðun Y við yfirheyrsluna fyrir dómi 10. maí sl. kvaðst hann ekki muna, hvernig hún hefði verið klædd umrætt kvöld, en hún hafi verið máluð. Hann tók fram, að stúlkurnar hefðu allar verið siðsamlega (decently) klæddar.

Ítrekuðum spurningum um vitneskju sína um aldur Y svaraði ákærði svo, að hann hefði ekki vitað, hversu ung hún væri, ekki spurt neinn um aldur hennar, talið, að hún væri u.þ.b. 18 ára, en hinar tvær stúlkurnar u.þ.b. 20 ára.

Vitnisburður X.

X var fyrst yfirheyrður af rannsóknarlögreglu hinn 27. maí 1988. Að lokinni lýsingu á aðdraganda og upphafi samkvæmisins umrætt kvöld, sem kemur í öllum aðalatriðum heim og saman við frásagnir hinna, segir hann, að þau hafi fyrst horft á sjónvarpið (Dynasty eða Dallas), tónlist hafi verið sett á og gestgjafinn komið með vodkaflösku. Allir hafi fengið sér vín. Síðan hafi þau farið að spila á spil. Hann kveðst hafa reynt að kenna þeim „Jim Rommy“, öðru nafni „Rommy 500“, og „Spade“. Mætti kveðst hafa spilað við „feitu“ stúlkuna. Mætti kveður hana hafa talað nokkra ensku, en kveður hina ungu stúlkuna ekki hafa talað ensku.

Aðspurður um það, hvort þau hafi fækkað fötum samfara spilinu, segir hann það ekki hafa verið, — segir þau hafa spilað öll saman 21 um stund, en ekki fækkað fötum. Hann segir þau öll hafa orðið ölvuð nema „feita stúlkan“, hafi þau dottið um, þegar þau fóru að dansa, og segir, svo að

vitnað sé orðrétt til skýrslunnar, ,,... grönnu stúlkuna hafa hagað sér eins og vitleysingur. Hún hafi hlegið stöðugt og dottið um og loks sofnað á gólfinu í stofunni með lappirnar uppi á sófaborðinu (kaffiborðinu)“.

Mætti kvaðst síðan hafa sofnað og verið borinn inn í annað herbergi, vaknað um kl. 5.00 um morguninn, er þeir fóru. Kvað hann ölvunarástand sitt þá hafa verið slíkt, að hann gæti ekki sagt til um ástand Donnies, þegar þeir óku brott.

X neitaði því að hafa sjálfur haft samfarir við nokkra af stúlkunum og kvaðst jafnframt efast um, að Donnie Stewart hefði haft samfarir við þær.

X var yfirheyrður á ný hinn 31. maí 1988. Aðspurður í upphafi um aldur stúlkanna kvaðst hann hafa talið, að A væri 20 ára, Y 15-17 ára og B um 20 ára.

Í þessari yfirheyrslu var mætta bent á framburð Y um stærð getnaðarlima mannanna og spurður, hvort hann heimilaði rannsóknarlögreglunni að taka myndir af honum nöktum. Hann óskaði eftir því að ráðfæra sig við réttargæslumann sinn, áður en hann svaraði. Beiðninni var síðan hafnað að ráði réttargæslumanns.

Við sampröfun með stúlkunum þremur hélt X fast við framburð sinn.

Niðurstöður.

Ákærði, Donnie Stewart, hefur frá upphafi rannsóknar máls þessa neitað því að hafa haft samfarir við stúlkuna Y. Hún hefur á hinn bóginn fyrir sitt leyti frá upphafi rannsóknar staðhæft, að samfarir þeirra í milli hafi átt sér stað. Læknisrannsókn fór ekki fram, en staðhæfing Y er staðfest af vitninu A, sem kveðst hafa verið sjónarvottur að samförum þeirra. Það veikir að visu nokkuð framburð þess vitnis, að það bar annan veg í fyrstu yfirheyrslu rannsóknarlögreglu og hefur jafnframt neitað ýmsum öðrum staðhæfingum hinna tveggja stúlkanna, sem í gleðskapnum voru. Skortir því nokkuð á samræmi í frásögnum stúlkanna.

Þegar á hinn bóginn ofangreindur framburður er skoðaður og metinn í heild og þess gætt, að þær Y og A unnu báðar eiða fyrir dómi að framburði sínum, sem samhljóða er um aðalatriði málsins, og jafnframt með hliðsjón af því, að ekkert hefur komið fram í vitnisburði þeirra, sem bendir til þess, að þær hafi viljað klekkja á ákærða, verður að telja nægjanlega sannað, að samfarir hafi átt sér stað milli ákærða, Donnies Stewarts, og Y.

Kemur þá til mats á því, hvort ákærða var eða hlaut að vera ljóst, að Y væri ekki orðin 14 ára að aldri.

Framburður ákærða og A bendir til þess, að ákærði hafi aldrei spurt beinlínis um aldur Y. Að mati dómsins gæti það hugsanlega verið vísbending um, að hann hafi ekki talið hana undir lögaldri til kynmaka, þótt ung væri. Jafnframt má ráða af vitnisburði stúlkanna, að honum hafi aldrei

verið skýrt frá aldri hennar. Vitnið A ber hins vegar, að hann hafi velt því fyrir sér, hvort hún væri of ung fyrir sig, og sjálfur kveðst hann hafa velt fyrir sér aldri stúlkunnar C, sem honum var síðan sagt, að væri 17 ára. Vissulega verður að telja það verulegt álitamál, hvað þritugur maður telur of unga konu fyrir sig, en þó er það mat dómsins, að honum hafi mátt vera ljóst, að hér var um mjög unga stúlku að ræða og því full ástæða til að sýna sérstaka varkárni í samskiptum við hana.

Með hliðsjón af ofangreindu og öllum atvikum máls þessa, frumkvæði stúlkunnar að umræddum fagnaði, framkomu þeirra, eins og þær sjálfar lýsa henni, framburði A þess efnis, að Y hafi sagt, að hún yrði að ljúga til um aldur, svo og, að hún hafi sjálf talið hana eldri en raun bar vitni, þegar hún sá hana í fyrsta sinn, og loks framburði B, að hún hafi talið, að ákærði vissi ekki, hve gömul Y væri, þykir varhugavert að telja nægjanlega sannað, gegn eindreginni neitun ákærða, að hann hafi vitað eða hlotið að vita, að hún væri yngri en 14 ára.

Með vísan til 108. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála þykir því verða að heimfæra brot hans til 1. mgr. 200. gr., sbr. 204. gr. hgl. nr. 19/1940.

Með hliðsjón af eðli brotsins og markmiðs refsiverndar 1. mgr. 200. gr., sbr. 204. gr. hgl. nr. 19/1940, þykja ekki fyrir hendi nægar ástæður til að verða við kröfu verjanda um skilorðsbindingu refsingar. En vegna þeirrar röskunar, sem mál þetta hefur valdið á högum ákærða, er refsing, skv. heimild 204. gr. alm. hgl., færð niður. Dæmist ákærði til að sæta 1 mánaðar fangelsi, og komi 6 daga gæsluvarðhaldsvist til frádráttar með fullri dagatölu.

Ákærði greiði sakarkostnað, þ.m.t. saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 30.000. Þá greiði hann verjanda sínum í héraði, Erni Clausen hrl., kr. 60.000 í málsvarnarlaun.

Eðlilegt þykir hins vegar að leggja á ríkissjóð greiðslu á kr. 15.000 til verjanda vegna óhjákvæmilegrar endurtekningar á flutningi málsins, er dómari forfallaðist vegna umferðarslyss.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Donnie Stewart, f. 13. júní 1957, sæti 1 mánaðar fangelsi. Til frádráttar komi með fullri dagatölu 6 daga gæsluvarðhaldsvist. Ákærði greiði sakarkostnað, þ.m.t. saksóknarlaun, kr. 30.000, og málsvarnarlaun, kr. 60.000, skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hrl.

Ríkissjóður greiði verjanda kr. 15.000 vegna óhjákvæmilegs endurflutnings málsins.